

Útiskynjari
2351 02

GIRA

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagnakerfi
P.O. Box 1220
42461 Radevormwald
Þýskaland
Sími +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax +49 (0) 2195 / 602 - 191
Netfang: www.gira.de
Vefslóð: info@gira.de


06/11

Öryggisleiðbeiningar

Sjá upplýsingar um spennugjafa. Ekki má nota annars konar spennugjafa en lýst er í þessum leiðbeiningum.
Aldrei má hlaða venjulegar rafhlöður. Hætta er á sprengingu!
Fleygið rafhlöðum ekki í eld! Valdið ekki skammhlaupi á rafhlöðum!
Aðeins má nota útiskynjarann á stöðum þar sem hann er varinn fyrir áhrifum raka, ryks, sólarljóss og hita.

Fyrirhuguð notkun

Útiskynjarinn er notaður til að mæla hita- og rakastig. Aðeins er hægt að sýna niðurstöður mælinga með orku- og veðurstöðinni sem tilheyrir kerfinu.
Ef tækið er notað með öðrum hætti en lýst er í þessum notkunarleiðbeiningum telst það vera röng notkun og falla ábyrgð vegna galla og skaðabótaábyrgð þá úr gildi. Þetta á einnig við um breytingar sem gerðar eru á tækinu.
Mælingar tækisins á hitastigi eru ekki til þess fallnar að þær séu notaðar í læknisfræðilegum tilgangi eða til upplýsingar fyrir almenning. Tækið er eingöngu ætlað til einkanota.




Lýsing á virkni

Útiskynjarinn gengur fyrir rafhlöðum og er notaður til að mæla hita- og rakastig utandyra. Hann er með innbyggðan hita-/rakaskynjara sem greinir hitastig og rakastig. Mæligildin eru send þráðlaust til orku- og veðurstöðvarinnar þar sem þau birtast á skjánum.

GIRA

Rafhlöður settar í og skipt um þær

- Útiskynjarinn gengur fyrir tveimur Alkaline-rafhlöðum (1,5 V af gerðinni LR6, Mignon, AA).
- Opnið lokið yfir rafhlöðuhólfinu (2) á bakhlið útiskynjarans.
 - Setjið tvær LR6 rafhlöður þannig í rafhlöðuhólfið (1) að skaut þeirra snúi rétt.
 - Ef rafhlöðurnar eru settar rétt í logar ljósdíóða (4) í stutta stund.
 - Setjið lokið (2) aftur á rafhlöðuhólfið og festið það.



Notkun rafhlaða

Aðeins má nota Alkaline-rafhlöður í útiskynjarann, ekki hleðslurafhlöður.


Tákn um að rafhlöður séu tómar

Þegar rafhlöður útiskynjarans tæmast birtist rafhlöðutákn á svæði útiskynjarans á orku- og veðurstöðinni.
Skal þá skipta um rafhlöður í sendinum. Tengingin við orku- og veðurstöðina rofnar ekki þegar skipt er um rafhlöður.

Útiskynjari tengdur

Tengja verður þráðlausar einingar saman svo þær geti átt samskipti sín á milli.

- Opnið lokið yfir rafhlöðuhólfinu á bakhlið útiskynjarans.
 - Haldið tengingarhappinum (3) inni í þrjár sekúndur.
 - Næstu fimm mínúturnar sendir útiskynjarinn þá frá sér tengingarkerki með fimm sekúndna millibili. Meðan á tengingunni stendur logar ljósdíóða (4).
 - Innan þessara fimm mínútna skal setja orku- og veðurstöðina í forritunarstillingu (sjá notkunarleiðbeiningar fyrir orku- og veðurstöð).
 - Þegar tengingu hefur verið komið á birtast úthitinn og rakastigið á skjá orku- og veðurstöðvarinnar.
 - Stutt er aftur á tengingarhappinn til að fara úr forritunarstillingunni á útiskynjaranum.
- Hægt er að tengja hvern útiskynjara við eins margar orku- og veðurstöðvar og óskað er.



Tengingu eytt


Aðeins er hægt að eyða tengingu útiskynjarans á orku- og veðurstöðinni.

Uppsetning

Hægt er að festa útiskynjarann á vegg eða í loft eða láta hann standa á sléttum fleti. Áður en útiskynjarinn er settur upp skal kanna drægi þráðlausa merkisins frá uppsetningarstaðnum. Það er gert með því að athuga hvort orku- og veðurstöðin taki enn á móti og birti upplýsingar um útihita og rakastig að nokkrum mínútum liðnum. Setja verður tækið upp þar sem það er í skjóli. Tækið má hvorki vera í rigningu né beinu sólarljósi.


Tækið látið standa

- 1. Festið hölduna í neðanverðan útiskynjarann og stillið honum upp.
- Gætið þess að rafhlöðuhólfið snúi niður.



Uppsetning á vegg eða í lofti

- 1. Festið hölduna við vegginn eða loftið með tveimur skrúfum og múrtöppum.
- 2. Festið tækið því næst í hölduna.




Sending gagna og truflanir

Útiskynjarinn sendir gögn til orku- og veðurstöðvarinnar með 2–3 mínútna millibili. Þar sem þráðlaus sendingin fer ekki um lokaða leið er ekki hægt að útiloka truflanir. Nánari upplýsingar er að finna í notkunarleiðbeiningum orku- og veðurstöðvarinnar. Til að koma samstillingu aftur á handvirkir er hægt að eyða tengingu útiskynjarans úr orku- og veðurstöðinni og tengja hana að nýju eins og lýst er í kaflanum "Útiskynjari tengdur".

Viðhald og þríf

Varan þarfnast ekki viðhalds að öðru leyti en því að skipta þarf um rafhlöður. Látið fagmenn annast viðhald og viðgerðir. Hreinsið vöruna með mjúkum, hreinum og þurrum klúti sem skilur ekki eftir sig kusk. Ef um mikil óhreinindi er að ræða er hægt að væta klútinn lítillega með volgu vatni. Notið ekki hreinsiefni sem innihalda leysiefni. Það getur valdið skemmdum á plasthúsinu og áletruninni.

Ábending um förgun



Takið tómar rafhlöður strax úr og fargið þeim á umhverfisvænan hátt. Fleygið rafhlöðum ekki með heimilissorpi. Upplýsingar um umhverfisvæna förgun fást hjá þar til bæru yfirvaldi á hverjum stað. Lögum samkvæmt ber notendum að skila notuðum rafhlöðum.

Tæknilýsing

Spennugjafi:	3 V
Rafhlöður:	2 x Alkaline 1,5 V (LR6, Mignon, AA)
Ekki má nota hleðslurafhlöður í útiskynjarann!	
Hitasvið:	-20,0 °C til +50,0 °C
Þrep mælingar:	0,1 °C
Nákvæmni:	± 0,8°C (á bilinu 10,0 °C - 40,0 °C)
Rakastig:	1% til 99%
Nákvæmni:	± 5% (á bilinu 30% - 70%)
Tími milli sendinga:	2 til 3 mínútur (breytilegt)
Senditíðni:	868,35 MHz
Drægi án hindrana:	100 m

**Athugið**

Framleiðandi og söluaðili þessa skynjara taka enga ábyrgð á röngum mæligildum og þeim afleiðingum sem af þeim kunna að hljóta.

Samræmisýfirlýsing

Notkun útiskynjarans er leyfð í öllum aðildarríkjum ESB og EFTA. Samræmisýfirlýsingun er að finna á niðurhalssvæðinu www.download.gira.de.

Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum. Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérvörslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjatar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.